



Fundargerð

416. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 11. janúar 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður

Oddviti óskaði fulltrúum gleðilegs nýs árs og þakkaði liðin, þá bauð hann fólki velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin önnur mál bárust, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 415. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 14. desember 2017

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 8. janúar 2018.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1710055 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 - aðalskipulagsbreyting Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi, umsagnir við vinnslutillögu.

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og þakkar framkomnar umsagnir og athugasemdir. Sveitarfélagið mun við mótun aðalskipulagsbreytingar taka mið af þeim upplýsingum sem hafa komið fram. Áður en sveitarfélagið tekur ákvörðun um leiðaval Vestfjarðavegar mun það leita umsagnar Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands skv. ábendingu frá Skipulagsstofnun. Í samræmi við lýsingu verkefnis, vinnslutillögu, ábendingar og umsagnir sem borist hafa, verður skipulagsráðgjafa falið að uppfæra skipulagsgögn við gerð tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Sveitarfélagið mun vinna að frekari samanburði leiðavals og birta rökstuðning sinn í skipulagstillögu. Samþykkt samhljóða.

2.2 1801002 - Gjaldskrár 2018.

- 2.2.1 Gjaldskrá Reykhólahafnar.
- 2.2.2 Gjaldskrá leiguhúsnæðis.
- 2.2.3 Gjaldskrá vatnsveitu.
- 2.2.4 Gjaldskrá fráveitu.

Sveitastjórn samþykkir ofangreindar gjaldskrár og felur sveitarstjóra að birta þær á vef sveitarfélagsins og í b-deild Stjórnartíðinda eftir atvikum. Leita þarf umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna gjaldskrár vatns og fráveitu. Samþykkt samhljóða.

2.3 1402013 - Bogaskemma, lóðaleigusamningur.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.4 1801014 - Karlsey, umsókn um lóð.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Mál til afgreiðslu

1. 1801002 - Gjaldskrár 2018

1.1 Gjaldskrá fyrir leikskóladeild Reykhólaskóla.

1.2 Gjaldskrá tónlistardeildar Reykhólaskóla.

1.3 Gjaldskrá vegna máltíða í mötuneyti Reykhólahrepps.

1.4 Gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði Reykhólaskóla vegna menningarviðburða.

1.5 Gjaldskrá vegna útleigu á íþróttahúsi til íþróttta-, ungmenna-, og félagsstarfs til heilsueflingar.

1.6 Gjaldskrá Héraðsbókasafns Reykhólahrepps.

1.7 Gjaldskrá fyrir Grettislaug.

1.8 Gjaldskrá fyrir tjalðsvæði á Reykhólum.

1.9 Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.

1.10 Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds.

Lagðar eru fram ofangreindar gjaldskrár, gjaldskrár hækka á milli ára um sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar og felur sveitarstjóra að birta þær á vef sveitarfélagsins og í b-deild Stjórnartíðinda eftir atvikum, leita þarf umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna gjaldskrár fyrir meðhöndlun sorps, og vegna gjaldskrár fyrir hunda- og kattarhald. Samþykkt samhljóða.

2. 1801015 Uppgjör á lífeyrisskuldbindingum A- deildar Brúar lífeyrissjóðs, viðauki við áætlun 2017.

Lögð eru fram drög að samkomulagi um uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga, þar sem sveitarfélagið skuldbindur sig að greiða kr. 2.045.364.- framlag í jafnvægisjóð A- deildar Brúar, kr. 8.365.191.- í lífeyrisaukasjóð A- deildar Brúar og kr. 899.952.- í varasjóð A- deildar Brúar. Uppgjör við Brú er hluti af samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, þar sem ríkið tók að sér að fjármagna skuldbindingar í A- deild LSR og sveitarfélögin A- deild Brúar skv. samkomulagi fjármála- og efnahagsráðuneytis, fyrir hönd ríkisins og Samband íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarsambands íslands hinsvegar þann 19. september 2016.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulag um uppgjör við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að skuldbindingin, alls kr. 11.310.507.-, skuli gjaldfærð undir árið 2017 og samþykkir um leið viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2017 til að mæta kostnaðaraukningu sem fjármagnist af eigin fé sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 1801001- Auglýsing um skrá yfir þau störf hjá Reykhólahreppi sem er undanþegin verkfallsheimild.

Sveitarstjórn samþykkir skrá yfir þau störf hjá Reykhólahreppi sem undanþegin eru verkfallsheimild. Sveitarstjóra falið að birta auglýsinguna í b-deild Stjórnartíðinda og á vef sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

4. 1607016 - Ljósleiðari um Reykhólahrepp.

Erindi frá Karli Kristjánssyni dagsett 8. janúar 2018.

KK lagði fram tillögu að nýrri samþykkt vegna tengingar ljósleiðara í sumarhús. Í eldri samþykkt frá 11. apríl 2017 var samþykkt tengigjald kr. 250.000.- á hverja tengingu, auk raunkostnaðar við lagningu heimtaugar frá tengibrunni að viðkomandi fasteign.

Tillaga KK;

Vegna lagningar ljósleiðara í dreifbýli sveitarfélagsins, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps, að bjóða eigendum sumarhúsa og öðrum eigendum fasteigna, sem ekki falla undir skilgreiningu fjarskiptasjóðs um styrkhæfa staði og eru á svæði 1 sem nær frá Árbæ að Miðhúsum, og á svæði 2 sem nær frá Hofstöðum í Þorskafirði og Garpsdal í Gilsfirði að Miðhúsum, að tengjast ljósleiðarakerfinu og greiða kr. 250.000.- tengigjald auk kr. 300.- á hvern metra heimtaugar, fyrir tengingu inn fyrir vegg á viðkomandi fasteign á meðan á verkefninu stendur.

Sveitastjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

5. 1801007 - Ný persónuverndarlöggjöf.

Erindi frá Pacta lögmönnum, dagsett 15. nóvember 2017.

Sveitarstjórn beinir því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að sambandið taki að sér að útbúa samræmt ferli fyrir sveitarfélögin til að takast á við nýja persónuverndarlöggjöf. Sveitarfélögin eru að fást daglega við sömu verkefnin og því dýrt verkefni ef hvert og eitt sveitarfélag er að greina vinnslur og viðbrögð vegna löggjafarinnar. Samþykkt samhljóða.

6. 1801008 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir umsókn samhljóða.

7. 1801009 -Grænt teymi umhverfisvottunar.

Erindi frá verkefnastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 16. október 2017.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna erindið fyrir stafsmönnum sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

8. 1801010 - Yfirlit yfir jarðir sveitarfélagsins sem tilheyra verndarsvæði Breiðafjarðar.

Erindi frá formanni Breiðafjarðarnefndar dagsett 20. desember 2017.

Sveitastjórn telur að þessar upplýsingar megi nálgast í ritunum Hjalla meður græna, Skyggir skuld fyrir sjón og Eylendu.

9. 1703011 - Erindi frá nefndarsviði Alþingis til umsagnar.

9.1 Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 27. mál.

9.2 Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál.

9.3 Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur). 40. mál.

9.4 Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignasjóður), 11. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

10. 1801011 - Tilkynning um úrsögn Ísafjarðarbæjar úr Byggðasamlagi Vestfjarðar um málefni fatlaðra. Erindi frá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar dagsett 21. desember 2017.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps harmar þá ákvörðun Ísafjarðarbæjar að draga sig úr Byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Vettvangurinn sé ein styrkasta stoð sveitarfélaganna um samvinnu um jafn viðkvæmt málefni eins og málefni fatlaðra og hefur hingað til einskorðast við jákvæða samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum gagnvart ríkinu til að mega þjóna skjólstæðingum sínum vel. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hvetur Ísafjarðarbæ til að draga úrsögn sína til baka og sinna þannig hlutverki sínu sem leiðandi sveitarfélag á Vestfjörðum.

11. 1810013 - Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga frumvarp til fjárlaga. Mál 1, 148. löggjafarþing.

Lagt fram og kynnt.

12. 1801012 - Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi - lykilhlutverk sveitarfélaga. Erindi frá landgræðslustjóra dagsett 12. desember 2017.

Lagt fram og kynnt.

13. 1702011 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. desember 2017.

Fundargerð lögð fram.

14. 1703014 - Fundargerð 115. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 8. desember 2017.

Fundargerð lögð fram.

15. 1703018 - Fundargerð 855. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Engin önnur mál.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:47
